

## Stefna KÍ í kjaramálum 2008-2011

### Laun og önnur starfskjör

#### Kennarasamband Íslands og aðildarfélög þess leggja áherslu á að:

- Laun og önnur starfskjör félagsmanna standist samanburð við kjör hópa með sambærilega menntun og ábyrgð í starfi.
- Efla og samræma kjararannsóknir á almennum og opinberum vinnumarkaði til að auðvelda launasamanburð.
- Hlutfall grunnlauna af launum hækki enn frekar og að dregið verði úr óhóflegu vinnuálagi.
- Endurskoðunarákvæði sem sett eru í kjarasamninga séu virt, sem og önnur ákvæði kjarasamninga.
- Kjör kennara geri kennarastarfið eftirsóknarvert.
- Launatryggingakerfi verði tekið upp í kjarasamningum til að tryggja að einstakir hópar dragist ekki aftur úr vegna mismunandi launaskriðs.
- Kjarasamningar eru lágmarkssamningar.
- Kennslureynsla kennara sé metin milli allra skólastiga.

### Starfsskilyrði

#### Kennarasamband Íslands og aðildarfélög þess leggja áherslu á:

- Mikilvægi vinnuumhverfismála og æskir samstarfs við vinnuveitendur um þau mál.
- Að í skólum sé til staðar vinnuaðstaða sem uppfyllir þær kröfur sem starfið gerir á hverjum tíma.
- Að nægur tími verði tryggður í kjarasamningum allra aðildarfélaga KÍ til að sinna undirbúningi og úrvinnslu.
- Að nemendafjöldi á hvert stöðugildi náms- og starfsráðgjafa verði að hámarki 300.
- Að auka kjarasamningsbundinn rétt allra félagsmanna til endur- og símenntunar á starfstíma skóla.
- Að starfsheiti náms- og starfsráðgjafa verði lögverndað.

### Kjarasamningsumhverfi

#### Kennarasamband Íslands og aðildarfélög þess leggja áherslu á að:

- Opinberir starfsmenn hafi ekki þrengri réttarstöðu hvað varðar boðun og afboðun verkfalls en hin almennu lög um stéttarfélag og vinnudeilur kveða á um.
- Sett verði viðurlög á vinnuveitendur dragist kjarasamningar, ellegar að þeir gildi frá þeim tíma er fyrri samningur rann út.
- Launaleynd verði afnumin.

- Skýr stefna verði mörkuð um gerð og framkvæmd kjarasamninga á vinnustöðum og aðkomu stéttarféлага að þeim samningum.
- Tilteknir kjarþættir verði áfram miðlægt ákvarðaðir s.s. ráðningarréttindi, lífeyrismál, veikindaréttur, fæðingarorlof og réttindi og kjör trúnaðarmanna.

## **Réttindamál**

### **Kennarasamband Íslands og aðildarfélög þess leggja áherslu á:**

- Að fagmenntun og starfsréttindi félagsmanna á öllum skólastigum verði virt óháð rekstarformi skóla.
- Rétt félagsmanna sinna til ótímabundinnar ráðningar með gagnkvæmum uppsagnarfresti að loknum reynslutíma.
- Að réttur starfsmanns sé virtur í hvívetna þegar til stendur að segja honum upp eða veita honum áminningu.
- Bætt starfskjör trúnaðarmanna.
- Að ákvæði í kjarasamningum og almannatryggingakerfið verði bætt hvað varðar eftirtalda þætti:
  - Réttindi vegna veikinda barna og leggja í því sambandi sérstaka áherslu á rétt foreldra langveikra barna.
  - Veikindi maka/sambúðarfólks og foreldra.
  - Fráfall maka, barna og annarra nánna ættingja.
- Að fæðingarorlof verði lengt og starfsmenn haldi fullum launum í fæðingarorlofi.
- Að félagsmenn njóti ætíð bestu lífeyrisréttinda sem völ er á.
- Að viðhalda ábyrgð launagreiðenda á lífeyrisréttindum og bakábyrgð ríkisins á lífeyrisskuldbindingum.
- Hækkun framlaga í Sjúkrasjóð.
- Hækkun framlaga í Orlofssjóð.
- Að fyrirbyggja kynbundinn launamun.